Stjórnarfundur í félagagi íslenskra félagsliða.

Stjórnarfundur haldinn 26.nóvember 2012 kl. 19:30 að Grettisgötu 89 Reykjavík (SFR) og fjarfundarbúnaður sendur út frá Sauðárkróki.
Mættar eru Salvör Sigríður Jónsdóttir (Sallý) formaður, Elva Hlín Harðardóttir, Guðrún Ásta Björgvinsdóttir, Olga Alexandersdóttir meðstjórnendur, Birna Sigurðardóttir varastjórn og Birna Jónsdóttir ritari . Á fundinn vantaði Guðbjörgu Benjamínsdóttur varaformann, Árdísi Jónasdóttur gjaldkera, Hafdísi Sverrisdóttur varastjórn og Rebekku Alvarsdóttur skoðunarmann reikninga.
Helstu mál á dagskrá , Yfirferð frá síðasta fundi ,námskeið, bæklingur, Lögverndun og önnur mál.
Ritari las upp fundagerð síðasta stjórnarfundar.
Næla 1 stk var seld á síðasta fundi , heimasíðan er í vinnslu , pennarnir tilbúnir, fréttablaðið er í vinnslu ,bæklingurinn er í prentun . Sallý leitaði tilboða við Bjarkarás og Iðjuberg að ganga frá bæklingnum í póst , (þ.e.a.s. setja bæklinga í umslög og líma límmiða) kostnaður svipaður á báðum stöðum fyrir alla vinnuna , ákveðið að skipta á vinnu milli þeirra til að fleiri verkefni færu til fatlaða .
Það var ákveðið að doka aðeins með greinina sem Olga ætlar að skrifa á mbl.og senda á fréttablaðið . Umræður um námskeið , búið að bóka fund 12. desember nk.
Löggildingin (Lögverndun) Sallý hitti lögfr. sem benti á að gott væri að taka fram hvað félagið væri búið að gera sl. 10 ár , hvert félagið stefnir og hvað er framtíðarsýn félagsins er. Búið er að lesa fundagerðir síðustu 10 ára til að finna út hvað er gert og var aðeins farið yfir það á fundinum . Sallý ætlar að senda stjórninni punktanna og bað um að stjórnin færi yfir þá sem fyrst til að klára umsóknina.
Sallý fer á fund með Þórarni vegna lögverdinguna í byrjun desember n.k.
Önnur mál : Samþykkt að gefða fráfarandi formanni ostakörfu í jólagjöf .
Olga kom með fyrirspurn varðandi félagsliða sem útskrifuðst 2010 þess eðlis að það vantaði í félagaskránna hvaða önn þau útskrifuðust. . Sallý ætlar að laga það .
Það kom fram á fundinum að skólar útskrifa félagsliða í kring um 15-20 des.nk.
Þórkatla kennari í Borgarholtsskóla hafði samband við Sallý og var að athuga hvort stjórnin eða einhver úr stjórninni vildi vera við útskrift frá Borgarholtsskóla og afhenda gjöf til útskriftanema. Umræður um hvernig gjöfin eigi að líta út , komist að niðurstöðu. . Elva Hlín og Birna Sigurðard. tóku að sér að athuga hversu margir félagsliðar eru að útskrifast frá Borgarholtsskóla á þessari önn.

Umræður um að senda fréttabréfin á sambýlin til að ná fólki inn í félagið.

Ákveðið að penninn verði seldur félagsmönnum á 500. kr stk.

Næsti fundur áætlaður 14. Janúar 2013 .

Fundi slitið .

Birna Jónsdóttir